

vatnskóralrifin eru mjög stór og þarna hrygnir einn stærsti þorskostofn í heiminum og fleiri fiskteygundir eins og ýsa og síld. Sjórinn er einkar næringarríkur. Þarna eru einhverjar stærstu sjófluglabýggðir í Vestur-Evrópu.

Kjensli sagði að fiskveiðarnar væru mjög mikilvægar og sjómennirnir vörðu tekjum sínum að mestu á svæðinu. Oluviðnaðurinn ver hins vegar miklu af tekjum sínum utanlands.

Kjensli benti á að landgrunnið væri einkar mjótt utan við Lofoten og Vesterålen. Fiskveiðin færi þar fram á litlu svæði og oluviðnaðurinn vildi inn á sama svæði. Þarna eru sterkir straumar og sagði Kjensli að aðstæður yllu því að ekki dugti að hafa 500 metra öryggissvæði í kringum oluborðpalla eins og í Norðursjó. Þau þurfi frekar að vera 10-12 km til að tryggja að tími gefist til að bregðast við verði slys. Það þýði að ekki væri pláss fyrir fiskveiðar hefjist þarna oluvinnsla.

Skilar sér mest utan svæðisins

Kjensli varpaði einnig fram þeirri spurningu hvort þörf sé á olu og gasi af þessu svæði. Hann sagði áætlanir gera ráð fyrir að olían sem finnst við Lofoten, Vesterålen og Senja samsvari einungis ellefu mánaða framleiðslu Noregs af oluútgildum.

Hann sagði að ferðaþjónustan vilji ekki fá landtökumannvirki fyrir olu á svæðið, hún vilji frekar að það verði skráð á heimsmínjaskrá.

Kjensli sagði að oluvinnsla á þessu svæði myndi vissulega skila tekjum í opinbera sjóði Noregs, sem væru svo stútfullir af peningum fyrir að menn viti varla hvernig eigi að verja þeim. Aukin oluúmsöf í Norður-Noregi muni skila sér í Ósló, Stavanger og Bergen en minnst í Norður-Noregi.

Í skýrslu olu- og orkumálaráðuneytisins um oluvinnslu á svæðinu og kynt var í haust sé talað um að oluvinnslan geti skapað 37.000 störf á landsvísu þegar umsvifin verða í hámarki. Á svæðinu sjálfu munu skapast að meðaltali um 1.100 störf við mestu umsvif og u.þ.b. 400 störf við lítil umsvif.

Kjensli benti á að ekki væri vinnuafli á svæðinu til að mæta aukinni eftirspurn yrði farið út í oluvinnslu. Hann vildi fá annars konar atvinnuuppbyggingu á svæðinu sem ógnaði ekki sérstöðu svæðisins. Kjensli sagði að með oluvinnslu gæti skapast gullgrafarastemning um skamm-

an tíma en þegar upp yrði staðið að 30-40 árum liðnum væri hætt við að svæðið yrði mun fátæklegra. Hann vildi frekar byggja á þeim styrkleikum sem fyrir eru. Oluvinnslan geti haldið áfram á sömu svæðum og nú við Noregstrendur og í Barentshafi.

Oluviðnaðurinn vill nýta svæðið

Vinnsla olu og gass er stærsta atvinnugrein Noregs með tilliti til verðmætasköpunar, tekjusköpunar fyrir ríkið og útflutningsverðmætis. Um 43.000 manns starfa við greinina og afleiðd störf eru meira en 200.000 talsins.

Roger Pedersen er yfirmaður upplýsingamála hjá Norsk olje & gass, hagsmunasamtökum fyrirtækja í oluvinnslu á norska landgrunninu. Í þeim eru um 50 oluflégg sem vinna olu og um 50 birgjar fyrir iðnaðinn.

Pedersen sagði að yfirvöld hefðu sett oluviðnaðinum strangar öryggis- og umhverfiskröfur og að hann væri undir ströngu eftirliti.

„Það verður að tilkynna ef maður missir niður olu úr einni fötu. Eins ef einhver klemmir fingur, þá verður að tilkynna það,“ sagði Pedersen.

Búið var að gera umhverfismat og opna hluta af vinnusvæði sem nefnist Nordland VI og er suðvestan við syðsta hluta Lofoten. Það var opnað þegar árið 1994 og boranir hafnar þegar norsk stjórnvöld lokuðu svæðinu árið 2001 fyrir frekari oluleit. Nordland VI þýkir lofa göðu og talið er að þar sé að finna allt að 43% olu- og gasliða undir hafsbotninum við Lofoten, Vesterålen og Senja, að því er fram kom í Tæknisk Úkeblad.

Umtalsverðar auðlindir

Pedersen sagði að þingmeirihluti hefði verið í norska stórþinginu fyrir oluborunum á þessu svæði á núverandi og undanförunum kjörtímabilum. Minnihluti í ríkisstjórn hefði getað komið í veg fyrir framkvæmdir. Hann sagði að Norsk olje & gass teldi niðurstöður skýrslunnar um áhrif olustarfsemi í norðausturhluta Noregshafs, sem kynt var í nóvember sl., sýna greinilega að enginn munur væri hvað varðar öryggismál eða umhverfismál á svæðunum við Lofoten, Vesterålen og Senja og annars staðar á norska landgrunninu. Hann sagði engan vafa leika á að þarna væru umtalsverðar olu- og gaslindir.

Pedersen sagði að ekki þyrfti að vera áreksstur á milli fiskveiða og



Röst í Lofoten Mikilvægar hrygningarástövar þorsks, ýsa, ufsa og síldar eru við Lofoten og Vesterålen. Þar stendur nú vertíð sem hæst.

oluvinnslu. Hættan á oluslysi væri mjög lítil. Búið er að gera hljóð- bylgjumælingar á svæðinu og engin þörf á að endurtaka þær.

„Fjórútu ára reynsla okkar á norska landgrunninu sýnir að við getum komist að skynsamlegu samkomulagi við fiskveiðarnar,“ sagði Pedersen. Hann sagði vandann þarna að fiskmennirnir á svæðinu vildu ekki ræða við oluviðnaðinn um hvernig væri hægt að komast að lausum.

Norska ríkisstjórnin hefur sett fram þau markmið að vinnsla olu og gass verði stunduð til langs tíma. Til þess að þessar auðlindir skili jöfnum og góðum arði telur ríkisstjórnin að leggja beri áherslu á þrjú atriði.

Í fyrsta lagi að auka vinnslu úr svæðum sem þegar er verið að nýta og byggja upp olu- og gaslindir sem borga sig í rekstri. Í öðru lagi að halda áfram að rannsaka betur svæði sem búið er að opna og finna þar meiri olu og gas.

Í þriðja lagi að ljúka opunarferlinu fyrir Jan Mayen-svæðið og suðausturhluta Barentshafsins, sem geta lagt grunninn að nýjum efnahagsumsvifum í Norður-Noregi.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2013, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2013 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkunar er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2013, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oluútgjaldi, kílómetragjaldi, gistinátaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabala, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjalddi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarargjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögdum þing- og sveitarstjóðsgjöldum, sem eru:

Tejkuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og úrtvargjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám.

Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, aðreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2013

Tollstjóri	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á Hólmavík	Sýslumaðurinn í
Sýslumaðurinn í Keflavík	Sýslumaðurinn á Siglufirði	Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Blönduósi	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	Sýslumaðurinn á Akureyri	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn á Húsavík	
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	


WWW.SPAIN.INFO

VELKOMIN Á SPÆNSKAN FERÐADAG!



SJÁUMST Á BLÓMATORGINU Í KRINGLUNNI Í DAG KL. 11-18

Spánarferðalög, spænsk tónlist, matur og skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

- Ferðakynningar
- Verðlaunagetraun
- Andlitsmálun
- Trúðurinn Wally

